

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Nýbýlavegur 10. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 12. nóvember 2024 breytingu á deiliskipulaginu „Auðbrekka - deiliskipulag fyrir lóðina nr. 10 við Nýbýlaveg“. Gerð er breyting á texta í skilmálum deiliskipulags Auðbrekku fyrir svæði 1, reit 5, lið 5 og er eftirfarandi texta bætt við skilmála: Heimild er fyrir uppsetningu farsímaloftnets á norðurvegg lyftustokks á þaki byggingarinnar á lóðinni. Hæð loftnetsins nær að hámarki 3,2 metra upp fyrir núverandi hæsta hluta hússins. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála. Ekki eru gerðar breytingar á deiliskipulags-uppdrætti.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 6. desember 2024.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 20. desember 2024